

HAGNAÐUR 62 MILLJÓNIR USD Á ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI

- Heildartekjur námu 545,2 milljónum USD og jukust um 2% milli ára.
- EBITDA nam 115,0 milljónum USD samanborið við 155,9 milljónir USD á síðasta ári.
- Lækkun farþegatekna á milli ára ásamt háu eldsneytisverði skýra lakari afkomu en á síðasta ári.
- Eiginfjárlutfall var 36% í lok september.
- Nettó vaxtaberandi skuldir nema 222,2 milljónum USD í lok september.
- Handbært fé og markaðsverðbréf nema 184,0 milljónum USD.
- EBITDA spá 80-90 milljónir USD.

Þúsundir USD	3. ársfj. 2018	3. ársfj. 2017	Breyt.	% Breyt.	9 mán. 2018	9 mán. 2017	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Heildartekjur	545.193	537.032	8.161	2%	1.211.718	1.126.407	85.311	8%
EBITDAR	129.065	166.267	-37.202	-22%	151.043	213.146	-62.103	-29%
EBITDA	114.993	155.904	-40.911	-26%	111.475	186.502	-75.027	-40%
EBIT	78.295	121.613	-43.318	-36%	12.284	95.474	-83.190	-87%
EBT	76.933	121.901	-44.968	-37%	1.914	96.308	-94.394	-98%
Hagnaður tímabilsins	62.029	97.185	-35.156	-36%	1.773	77.211	-75.438	-98%
Efnahagsreikningur								
Heildareignir	-	-	-	-	1.598.402	1.445.042	153.360	11%
Eigið fé	-	-	-	-	575.444	618.552	-43.108	-7%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	406.239	283.961	122.278	43%
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	184.031	264.077	-80.046	-30%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	222.208	19.884	202.324	-
Sjóðstreymi								
Handbært fé til/frá rekstri	-50.635	-19.749	-30.886	156%	76.542	196.549	-120.007	-61%
Fjárfestingahreyfingar	-76.540	-53.154	-23.386	44%	-266.560	-180.233	-86.327	48%
Fjármögnunarhreyfingar	62.976	-2.399	65.375	-	146.190	14.705	131.485	-
Handbært fé í lok tímabils	175.383	260.130	-84.747	-33%	175.383	260.130	-84.747	-33%
Lykiltölur								
Afkoma USD cent á hlut	1,29	2,00	-0,71	-	0,04	1,59	-1,55	-
Innra virði hlutafjár	-	-	-	-	14,73	15,65	-0,92	-6%
Eiginfjárlutfall	-	-	-	-	36%	43%	-7,0 ppt	-16%
Veltufjárlutfall	-	-	-	-	1,02	0,99	0,03	3%
Fjárfestingar, þúsundir USD	42.763	39.700	3.063	8%	288.853	124.628	164.225	132%
Flutningatekjur % af heildartekjum	74,6%	77,4%	-2,8 ppt	-	72,2%	73,6%	-1,4 ppt	-
EBITDAR hlutfall	23,7%	31,0%	-7,3 ppt	-	12,5%	18,9%	-6,5 ppt	-
EBITDA hlutfall	21,1%	29,0%	-7,9 ppt	-	9,2%	16,6%	-7,4 ppt	-
Hlutabréf íslenskar krónur								
Hæsta verð á tímabili	12,94	16,55	-3,61	-22%	16,55	23,53	-6,98	-30%
Lægsta verð á tímabili	6,78	13,80	-7,02	-51%	6,78	13,13	-6,35	-48%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	6,84	14,75	-7,91	-54%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	34.200	73.750	-39.550	-54%

BOGI NILS BOGASON STARFANDI FORSTJÓRI

„Afkoma þriðja ársfjórðungs lækkar milli ára en er í samræmi við afkomuspá sem gefin var út í lok ágúst. EBITDA nam alls 115 milljónum USD, 41 milljón USD lægri en á þriðja ársfjórðungi 2017. Hækkun olíuverðs, lág meðalfargjöld og lakari sætanýting eru helstu skýringar á verri afkomu.

Gripið hefur verið til fjölmargra aðgerða til að bæta samkeppnishæfni félagsins og vega upp á móti kostnaðarhækkunum, ekki síst vegna hækkunar á eldsneytisverði. Í maí 2019 hefst flug í nýjum tengibanka á Íslandi meðfram núverandi tengibanka leiðakerfisins með það að markmiði að skapa félaginu ný tækifæri til vaxtar, bæta þjónustu við farþega og auka sveigjanleika. Misvægi í sætaframboði milli N-Ameríku og Evrópu hefur verið leiðrétt í flugáætlun næsta árs. Sölu- og markaðsstarf félagsins hefur verið endurskipulagt. Áhersla er lögð á að styrkja tekjustýringu félagsins og er innleiðing á nýju tekjustýringarkerfi vel á veg komin. Sjálfvirknivæðing ferla, notkun stafrænna lausna ásamt eflingu viðbótartekna er í forgangi. Þá er betri nýting starfsfólks og allra rekstrarþátta lykilatriði í framtíðarekstri félagsins.

Verkefni okkar er skýrt, það snýst um að bæta rekstrarafkomu félagsins á heilsársgrunni. Þar eru fjölmörg tækifæri til staðar bæði hvað varðar tekjur og gjöld. Við erum sannfærð um að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til og framundan eru muni skila sér í bættri afkomu Icelandair Group til framtíðar.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair voru tæplega 1,5 milljón og fækkaði um 2% milli ára.
- Sætanýting í millilandaflugi var 84,2% og lækkaði um 2,0 prósentustig frá 3. ársfj. 2017.
- Herbergjanýting á hótélum félagsins var svipuð og á síðasta ári eða 88,6%.

	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	% br.
ICELANDAIR			
Farþegafjöldi ('000)	1.469,4	1.495,5	-2%
Sætanýting (%)	84,2	86,3	-2,0 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	5.597,9	5.453,9	3%
Seldir sætiskílómetrar ('000.000)	4.714,9	4.705,4	0%
Meðal fluglengd í km	3.262,0	3.101,0	5%
FLUGFÉLAG ÍSLANDS			
Farþegafjöldi ('000)	93,1	109,3	-15%
Sætanýting (%)	71,3	70,9	0,4 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	54,8	74,7	-27%
Seldir sætiskílómetrar ('000.000)	39,0	52,9	-26%
LEIGUFLUG			
Flotanýting (%)	90,9	100,0	-9,1 %-stig
Seldir blokk tímar	8.327	7.240	15%
FRAKTFLUTNINGAR			
Seldir tonn kílómetrar ('000)	31.603	32.085	-2%
HÓTEL			
Framboðnar gistinætur	129.216	112.393	15%
Seldar gistinætur	114.445	99.653	15%
Herbergjanýting (%)	88,6	88,7	-0,1 %-stig

Framboðnir sætiskílómetrar (ASK) hjá Icelandair jukust um 3% á milli ára á 3. ársfjórðungi. Meðalfluglengd jókst um 5% á milli ára sem skýrist af því að framboð jókst um 11% til N-Ameríku, en dróst saman um 9% til Evrópu. Markaðurinn yfir N-Atlantshafið var stærsti markaður félagsins með 54% af heildarfarþegafjölda á þriðja fjórðungi 2018. Hlutfallslega fjölgaði farþegum mest á heimamarkaðinum til Íslands, en fækkaði á N-Atlantshafsmarkaðinum á milli ára.

Farþegar eftir mörkuðum '000	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	% br.	% hlutd. '18
Til	539,6	507,2	6%	37%
Frá	141,4	119,3	19%	10%
Um	788,3	869,0	-9%	54%
Samtals Icelandair	1.469,3	1.495,5	-2%	100%

ÞRÓUN GJALDMIÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD. Tekjur á þriðja ársfjórðungi 2018 eru 2% hærrí en á sama tíma árið 2017. Á föstu gengi hækka tekjurnar um 3% milli ára.

Mynt	Meðalgengi 3. ársfj. '18	Breyting frá 3. ársfj. '17	Lokagengi 30.09 '18	Breyting frá 30.09 '17
ISK	0,009	-2%	0,009	-4%
EUR	1,163	-1%	1,163	-2%
GBP	1,303	0%	1,305	-3%
CAD	0,765	-4%	0,774	-3%
DKK	0,156	-1%	0,156	-2%
NOK	0,121	-3%	0,123	-2%
SEK	0,112	-9%	0,113	-8%

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting
EBITDAR	129.065	166.267	-37.202	-22%
EBITDA	114.993	155.904	-40.911	-26%
EBIT	78.295	121.613	-43.318	-36%
EBT	76.933	121.901	-44.968	-37%
Hagnaður tímabilsins	62.029	97.185	-35.156	-36%
EBITDAR %	23,7%	31,0%	-7,3 ppt	-
EBITDA %	21,1%	29,0%	-7,9 ppt	-

Þúsundir USD	Alþjóðlegur flugrekstur		Eignarhlutir í flugrekstri		Eignarhlutir í ferðaþjónustu	
	3. ársfj. 2018	3. ársfj. 2017	3. ársfj. 2018	3. ársfj. 2017	3. ársfj. 2018	3. ársfj. 2017
Tekjur	404.837	410.615	54.103	43.382	86.253	83.035
EBITDAR	89.123	132.353	18.913	15.530	21.029	18.384
EBITDA	85.962	129.869	12.496	12.115	16.535	13.920
EBT	52.744	101.135	8.971	7.332	15.218	13.434

Alþjóðlegur flugrekstur

EBITDA nam 86,0 milljónum USD á fjórðungnum samanborið við 129,9 milljónir USD á síðasta ári. Lakari EBITDA skýrist fyrst og fremst af lægri farþegatekjum en ráðgert var og hærrí eldsneytiskostnaði. Nokkrar ástæður eru fyrir því að farþegatekjur hafa verið lægri en ráðgert var. Spár um hækkanði meðalfargjöld vegna kostnaðarhækkana flugfélaga hafa ekki gengið eftir. Skipulagsbreytingar á sölu- og markaðsstarfi félagsins sem gerðar voru í byrjun sumars 2017 heppnuðust ekki eins og lagt var upp með. Að auki öllu breytingar á leiðakerfi félagsins í upphafi árs misvægi í fjölda framboðinna sæta í N-Ameríku og Evrópu.

Eignarhlutir í flugrekstri

Heildartekjur jukust um 25% á milli ára. Rekstur Loftleiða gekk mjög vel í fjórðungnum og var félagið með þremur fleiri vélum í verkefnum en á sama tíma á síðasta ári. Rekstur Air Iceland Connect er erfiður og versnaði líttilega á milli ára.

Eignarhlutir í ferðapjónustu

Veltuaukning var 4% og EBITDA hækkaði í 16,5 milljónir USD úr 13,9 milljónum USD á síðasta ári. Hótelrekstur félagsins gekk vel og hækkaði EBITDA á milli ára. Rekstur Iceland Travel var aftur á móti erfiður vegna krefjandi rekstrarumhverfis.

TEKJUR

- Heildartekjur jukust um 2% á milli ára á þriðja ársfjórðungi.
- Farþegatekjur drógust saman um 2% á milli ára.

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	406.491	415.579	-9.088	-2%	75%
Farþegaflug	392.199	400.235	-8.036	-2%	72%
Vöru- og póstflutningar	14.292	15.344	-1.052	-7%	3%
Flugvéla- og áhafnaleiga	29.462	18.246	11.216	61%	5%
Aðrar rekstrartekjur	109.240	103.207	6.033	6%	20%
Samtals	545.193	537.032	8.161	2%	100%

Heildartekjur jukust um 2% á milli ára en tekjuaukningin á föstu gengi er 3%. Flutningatekjur drógust saman um 9,1 milljón USD eða um 2% á milli ára. Í alþjóðlega leiðakerfinu jukust tekjur á ferðamannamarkaðinum til Íslands og á heimamarkaðinum frá Íslandi. Tekjur drógust aftur á móti saman á N-Atlantshafsmarkaðinum. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu jukust um 11,2 milljónir USD eða 61%. Aðrar rekstrartekjur námu 109,2 milljónum USD og jukust um 6,0 milljónir USD eða um 6% miðað við þriðja ársfjórðung 2017. Tekjur af ferðapjónustu lækkuðu á milli ára um 3,8 milljónir USD vegna versnandi áferðis í ferðapjónustu á Íslandi. Sjá sundurliðun annarra rekstrartekna í töflunni hér fyrir neðan:

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting
Vörusala á hótélum og flugvöllum	37.552	26.886	10.666	40%
Tekjur af ferðapjónustu	57.661	61.485	-3.824	-6%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	5.742	5.936	-194	-3%
Seld viðhaldsþjónusta	11	1.210	-1.199	-99%
Söluhagnaður fastafjármuna	25	0	25	0%
Aðrar rekstrartekjur	8.249	7.690	559	7%
Samtals	109.240	103.207	6.033	6%

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður nam 430,2 milljónum USD.
- Eldsneytiskostnaður eykst um 15,3 milljónir USD á milli ára.

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	130.813	118.116	12.697	11%	30%
Flugtengdur kostnaður	176.271	148.592	27.679	19%	41%
Annar rekstrarkostnaður	123.116	114.420	8.696	8%	29%
Samtals	430.200	381.128	49.072	13%	100%

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður námu 130,8 milljónum USD samanborið við 118,1 milljón USD á þriðja fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin að stærstu leyti af auknu umfangi rekstrarins og samningsbundnum launahækkunum. Hér að neðan má sjá skýringar á hækkun launakostnaðar á milli ára.

Laun og annar starfsmannakostn. Q317	118.116
Samningsbundnar launahækkanir	4.197
Breyting í fjölda stöðugilda	12.397
Gengisáhrif	-1.824
Annað	-2.073
Laun og annar starfsmannakostn. Q318	130.813

Tölur eru í USD þúsundum

Flugtengdur kostnaður nam alls 176,3 milljónum USD og jókst um 27,7 milljónir USD, þar af 15,4 milljónir USD vegna hærri eldsneytiskostnaðar.

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting	% af heildark.
Eldsneytiskostnaður	97.740	82.364	15.376	19%	23%
Flugvéla-leiga	10.179	5.226	4.953	95%	2%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	46.388	41.424	4.964	12%	11%
Viðhaldskostnaður flugvéla	21.964	19.578	2.386	12%	5%
Samtals	176.271	148.592	27.679	19%	41%

Eldsneytiskostnaður nam samtals 97,7 milljónum USD og jókst um 19% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsvörð félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 624 USD/tonn, sem er 21% hækkun á milli ára. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og afkomuspá“ hér á eftir. Flugvéla-leiga nam 10,2 milljónum USD og jókst um 5,0 milljónir USD í samanburði við þriðja ársfjórðung 2017 vegna fleiri véla á leigu en í fyrra. Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld námu 46,4 milljónum USD og jukust um 12%. Viðhaldskostnaður nam 22,0 milljónum USD og hækkaði um 12%.

Annar rekstrarkostnaður nam 123,1 milljón USD og jókst um 8,7 milljónir USD á milli ára. Rekstrarkostnaður fasteigna hækkar vegna fleiri fasteigna í rekstri, m.a. eru tveimur fleiri hótél á leigu en voru á þriðja ársfjórðungi 2017. Samskipta- og auglýsingakostnaður hækkar að mestu vegna tilfærslu milli fjórðunga. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	10.827	8.333	2.494	30%
Samskiptakostnaður	8.789	6.851	1.938	28%
Auglýsingakostnaður	7.112	5.458	1.654	30%
Bókunargj., kreditkortabók. og umboðslaun	22.451	21.554	897	4%
Kostnaðarverð seldra vara	4.903	3.544	1.359	38%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	20.290	18.184	2.106	12%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	38.711	41.438	-2.727	-7%
Breyting á niðurfærslu krafna	457	490	-33	-7%
Annar rekstrarkostnaður	9.576	8.568	1.008	12%
Samtals	123.116	114.420	8.696	8%

FJÁRMAGNSLIÐIR

- **Gengisáhrif voru jákvæð um 3,8 milljónir USD á 3. ársfjórðungi.**

Þúsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	229	976	-747	-77%
Fjármagnsgjöld	-5.610	-4.090	-1.520	37%
Gengisáhrif	3.806	3.511	295	8%
Samtals	-1.575	397	-1.972	-

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- **Heildareignir námu 1,6 milljörðum USD í lok þriðja ársfjórðungs.**
- **Eiginfjárlutfall var 36%.**
- **Handbært fé og markaðsverðbréf námu 184,0 milljónum USD.**

Þúsundir USD	30.09.2018	31.12.2017	Breyting
Heildareignir	1,598,402	1,423,842	174,560
Rekstrarfjármunir	673,686	652,705	20,981
Handbært fé og markaðsverðbréf	184,031	225,278	-41,247
Eigið fé	575,444	596,545	-21,101
Vaxtaberandi skuldir	406,239	289,541	116,698
Nettó vaxtaberandi skuldir	222,208	64,263	157,945
Eiginfjárlutfall	36%	42%	-6 ppt
Veltufjárlutfall	1.02	0.99	3%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 673,7 milljónum USD og jukust um 21,0 milljónir USD frá ársbyrjun. Eignir tengdar hótélrekstri eru í sölufæri og því skilgreindar sem eignir til sölu í efnahagsreikingnum. Frekari upplýsingar um áhrif breytingarinnar má sjá í skýringu 6 í árshlutauppgjörinu.

Umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum er að finna í kaflanum um sjóðsstreymi og fjárfestingar hér á eftir. Í lok fjórðungsins voru 52 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 42 í eigu félagsins.

Flugvélagærð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Air Iceland Connect	Flugfloti 30.09.18	Flugfloti 31.12.17	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.17
B757-200	24	2	5		31	29	27	4	2
B757-300	2				2	1	2		1
B737 MAX 8	3				3	0	2	1	3
B767-300	4		2		6	6	5	1	0
B737-700			1		1	1		1	0
B737-800			3		3	3		3	0
Bombardier Q200				3	3	3	3		0
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Total	33	2	11	6	52	46	42	10	6

Eigið fé nam 575,4 milljónum USD í lok september og eiginfjárlutfallið var 36%. Sjá helstu breytingar á eigin fé frá áramótum í töflunni hér að aftan:

Þúsundir USD	
Eigið fé 1.1. 2018	591.535
Áhrif vegna IFRS 15	5.010
Kaup á eigin bréfum	-7.485
Afkoma tímabilsins	-6.362
Arðgreiðsla (0.15 US cent á hlut)	-7.254
Eigið fé 30.09. 2018	575.444

Vaxtaberandi skuldir námu 406,2 milljónum USD, samanborið við 289,5 milljónir USD í ársbyrjun. Hækkunin skýrist að mestu leyti af lántökum vegna kaupa á tveimur 737 MAX vélum. Afborganir langtímaskulda á þriðja ársfjórðungi námu 12,4 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu 184,0 milljónum USD í lok fjórðungsins. Á meðal krafna eru færðar 176,3 milljónir USD vegna fyrirframgreiðslna inn á nýjar flugvélar sem verða afhentar á næstu árum. Þar af eru 108,5 milljónir á meðal skammtímakrafna.

Púsundir USD	30.09.2018	31.12.2017	Breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	321,464	280,254	41,210
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	84,775	9,287	75,488
Markaðsverðbréf	8,648	4,087	4,561
Handbært fé	175,383	221,191	-45,808
Nettó vaxtaberandi skuldir	222,208	64,263	157,945

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé til rekstrar nam 50,6 milljónum USD.**
- **Handbært fé í lok september var 175,4 milljónir USD.**
- **Fjárfestingar námu alls 42,8 milljónum USD.**

Púsundir USD	3. ársfj. '18	3. ársfj. '17	Breyting
Handbært fé til rekstrar	-50.635	-19.749	-30.886
Fjárfestingahreyfingar	-76.540	-53.154	-23.386
Fjármögnunarhreyfingar	62.976	-2.399	65.375
Handbært fé, breyting	-64.199	-75.302	11.103
Handbært fé í lok tímabils	175.383	260.130	-84.747

Handbært fé til rekstrar á þriðja ársfjórðungi nam 50,6 milljón USD og var 30,9 milljónum USD meira en á þriðja ársfjórðungi 2017. Fjárfestingar á fjórðungnum námu alls 42,8 milljónum USD, þar af var fjárfesting í hreyflayfirhölum 21,0 milljónir USD. Aðrar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, aðallega fjárfestingar í hótélrekstri á Mývatni, nýjum flughermi og byggingum á Keflavíkurlugvelli, námu 19,1 milljón USD.

Púsundir USD	3. ársfj. '18
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	2,073
Hreyflayfirhöl eigin vélar	21,046
Aðrar fjárfestingar	19,084
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	42,203
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	0
Óefnislegar eignir	560
Fjárfestingar samtals	42,763

HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2018

- **Ráðist hefur verið í ýmsar aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni félagsins.**
- **Flug hefst í nýjum tengibanka meðfram núverandi tengibanka leiðakerfisins í maí 2019.**
- **Hótélstarfsemi félagsins í sölufarli.**

Alþjóðaflugrekstur

Undanfarið hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni félagsins. Nýtt skipurit var kynnt um miðjan júlí sem er ætlað að skerpa betur á áherslum félagsins í sölu- og markaðsmálum annars vegar og þjónustu við viðskiptavini hins vegar. Ákveðið hefur verið að hefja flug í nýjum tengibanka á Íslandi meðfram núverandi tengibanka leiðakerfisins. Frá og með maí 2019 verður boðið upp á flug til Evrópuborga um kl. 11:00 að morgni og til Norður-Ameríkuborga um kl. 20.00 að kvöldi. Tilgangur nýja tengibankans er að skapa félaginu ný tækifæri til vaxtar, bæta þjónustu við farþega og auka

sveigjanleika. Ekki er svigrúm til að bæta við flugi eða farþegum á Keflavíkurflugvelli á háannatímanum að morgni og síðdegis, en á nýju brottfarartímum er nægt rými í flugstöðinni, við brottfararhlið og á flughlöðum. Að auki verða til nýir tengimöguleikar fyrir farþega á leið yfir Atlantshafið milli þessara tveggja tengibanka. Misvægið í sætaframboði milli N-Ameríku og Evrópu hefur verið leiðrétt í flugáætlun ársins 2019. Áhersla er lögð á að styrkja tekjustýringu félagsins og er innleiðing á nýju tekjustýringarkerfi vel á veg komin. Sjálfvirknivæðing ferla, notkun stafrænna lausna ásamt eflingu viðbótartekna er í forgangi. Þá er unnið því að bæta nýtingu starfsfólks og allra rekstrarþátta félagsins. Á árinu 2019 munu sex B737MAX vélar bætast við þær þrjár sem innleiddar voru í reksturinn á þessu ári og mun það hafa jákvæð áhrif á eldsneytiskostnað félagsins. Reynsla félagsins á þessu ári sýnir að eldsneytiseyðsla nýju vélanna er 27% lægri á hvert sæti en Boeing 757 vélanna. Auk þess lækkar viðhaldskostnaður.

Eignarhlutir í flugtengdri starfsemi

Leiguflugstarfsemi Loftleiða Icelandic gengur vel og er gert ráð fyrir að afkoma ársins 2018 verði svipuð og á síðasta ári. Rekstur Air Iceland Connect er krefjandi þótt að reksturinn gangi mun betur en á síðasta ári og hagræðingaaðgerðir sem gripið var til síðastliðið vor séu að skila árangri. Áfram er unnið að frekari samþættingu Air Iceland Connect við Icelandair. Rekstur ferðaskrifstofunnar Vita hefur gengið vel.

Eignarhlutir í ferðaþjónustu

Formlegt sölufarli á Icelandair Hotels og tengdum fasteignum hefst í þessari viku. Mikils áhuga gætir bæði meðal innlendra og erlendra fjárfesta og er gert ráð fyrir að sölunni verði lokið í fyrsta ársfjórðungi 2019. Rekstur Iceland Travel hefur verið krefjandi á árinu. Gripið hefur verið til mótvægisáðgerða með sjálfvirknivæðingu og aukinni áherslu á notkun stafrænna lausna.

Afkomuspá

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 760 USD/tonn að meðaltali á síðasta fjórðungi ársins 2018, samanborið við 715 USD/tonn í afkomuspánni sem gefin var út í lok júlí. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 3,3 milljónir. Staða eldsneytisvarna í lok september er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Okt 18	37.594	18.500	49%	560
Nóv 18	29.491	15.450	52%	574
Des 18	27.077	16.450	61%	587
Jan 19	29.438	15.250	52%	621
Feb 19	25.943	14.250	55%	644
Mar 19	29.792	15.250	51%	622
Apr 19	32.607	15.250	47%	631
Maí 19	46.321	21.250	46%	635
Jún 19	53.303	24.250	45%	683
Júl 19	55.837	26.250	47%	692
Ágú 19	55.652	28.250	51%	614
Sep 19	55.230	27.250	49%	752
12 mánuðir	478.285	237.650	50%	643 *
Okt 19	36.956	16.000	12%	753
Nóv 19	33.177	4.000	13%	699
Des 19	31.749	4.000	14%	722
Jan 20	30.002	4.000	14%	713
Feb 20	26.439	4.000	1%	789
Mar 20	30.358	4.000	1%	764
13-18 mánuðir	188.681	36.000	19%	744 *

Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 180 það sem eftir lifir árs samanborið við 164 í síðustu spá og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,16 á fjórða ársfjórðungi samanborið við 1,18 í júlí spánni. EBITDA spá fyrir árið er 80-90 milljónir USD. Neikvæð áhrif á tekjur á árinu sem metin eru sem einskíptisliðir eru USD 50-80 milljónir.

Langtímahorfur

Flugrekstur er í eðli sínu sveiflukenndur rekstur og margir utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á afkomu í greininni, svo sem þróun gjaldmiðla og eldsneytisverðs. Auk þess sem breytingar í samkeppnisumhverfinu hafa veruleg áhrif. Að mati stjórnenda félagsins er árið 2018 um margt óvenjulegt rekstrarár og félagið gerir ráð fyrir að skila mun betri afkomu til lengri tíma litið. Unnið er að fjölmörgum þáttum í þeim tilgangi að hagræða í rekstri og auka tekjur. Þar má nefna sjálfvirknivæðingu, samþættingu, útvistun og þróun leiðarkerfis til að bæta nýtingu starfsfólks, flugflota og annarra rekstrarfjármuna.

Nýlegum áherslubreytingum á skipulagi félagsins er jafnframt ætlað að tryggja betri skilvirkni í sölu og þjónustu við viðskiptavini. Félagið er að innleiða nýja og hagkvæmari flugvélategund. Nýju vélarnar eru mun hagkvæmari en eldri vélar í flota félagsins bæði hvað varðar eldsneyti og viðhald. Miðað við núverandi eldsneytisverð mun afkoma félagsins styrkjast við innleiðingu nýju vélanna.

Félagið stefnir að því frá og með árinu 2019 að skila að meðaltali yfir 7% EBIT hlutfalli á ári til lengri tíma litið.

KYNNINGARFUNDUR 31. OKTÓBER 2018

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 31. október 2018 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair Group, mun kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 í sal 4-5. Morgunverður í boði frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

SAMPYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors þriðja ársfjórðungs 2018 var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. október 2018.

FJÁRHAGSDAGATAL

- **Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2019**
- **Aðalfundur – vika 10, 2019**

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITIR

Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair Group, sími: 5050-100